

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1921**

2022/EES/72/23

frá 4. nóvember 2021

um að leiðrétta króatísku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 10. gr. (6. mgr.), 14. gr. (3. mgr.), 15. gr. (3. mgr.), 16. gr. (3. mgr.), 17. gr. (3. mgr.) og 26. gr. (d-lið 7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í króatísku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 ⁽²⁾ er villa í titlinum að því er varðar afturvirka viðurkenningu á tímabilum vegna aðlögunar yfir í lífræna framleiðsluaðferð og villur í 1. til 7. mgr. 26. gr. þar sem vísað er til gildistökudags króatísku tungumálaútgáfunnar í stað dagsins þegar sú framkvæmdareglugerð kemur til framkvæmda.
- 2) Því ætti að leiðrétta króatísku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 391, 5.11.2021, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 frá 26. mars 2020 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té (Stjttíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 2).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
